

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 243/1995.

Ákærvaldið(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Sigurði Hólm Sigurðssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Hótanir. Lögreglurannsókn. Sakartæming.
Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 7. júlí 1995. Vísar ákærði til a- – e-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds í málinu. Til þrautavara krefst ákærði, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Ákærvaldið krefst þyngingar refsingar ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

I.

Ákærði reisir aðalkröfu sína um frávísun málsins frá héraðsdómi á því, að lögreglurannsókn málsins hafi verið framkvæmd af aðila, sem ekki var til þess bær lögum samkvæmt. Hafi Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík, verið skipaður sérstakur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til að annast meðferð kærú Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra á hendur ákærða. Ásgeir hafi hins vegar framselt þetta rannsóknarvald til tveggja lögreglumanna við embætti sýslumannsins í Keflavík í stað þess að annast rannsóknina sjálfur. Verði ekki séð, með hvaða heimild hann hafi getað falið öðrum það verkefni, sem hann var sérstaklega skipaður til að inna af hendi.

Af gögnum málsins, þar á meðal bréfum, sem lögð voru fram við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi, verður ekki annað ráðið en að Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík, er skipaður var til að rannsaka málið sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri samkvæmt 8. gr. laga nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, hafi haft yfirstjórn rannsóknar með höndum og fylgst með gangi hennar í samræmi við þau lög. Á hinn bóginn kemur ekki nægilega skýrt fram í bréfum, sem undirrituð eru af Ásgeiri Eiríkssyni, að hann komi fram sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri í málinu, óháður sýslumanninum í Keflavík. Ekki verður heldur séð, að hann hafi leitað eftir formlegri heimild til að fela lögreglumönnum við embætti sýslumannsins að annast rannsókn málsins í umboði sínu sem sérstaks rannsóknarlögreglustjóra. Er þetta aðfinnsluvert, en gefur hins vegar ekki tilefni til þess að ómerkja málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

II.

Með vætti vitna er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann með athæfi sínu unnið sér til refsingar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvæðum 233. gr. sömu laga, sem vísað er til í ákæru, verður ekki beitt samhliða því lagaákvæði, svo sem atvik málsins eru vaxin. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður niðurstaða hans um sakfellingu ákærða staðfest. Með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 þykir einnig mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða og sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 3. maí, er kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 849/1994: Ákærvaldið gegn Sigurði Hólmi Sigurðssyni.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari fer með mál þetta, sem ríkissaksóknari höfðaði 15. nóvember sl. á hendur Sigurði Hólmi Sigurðssyni refsifanga, til heimilis að Kandegade (?) 26, Malmö, Svíþjóð, f. 1. maí 1964, til refsingar fyrir brot gegn valdstjórninni og hótanir með því að hafa á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 27. júlí 1994 í Dómhúsinu við Lækjartorg í þinghaldi, þar sem úrskurðað var um kröfu RLR um gæsluvarðhald ákærða, margsinnis ráðist að Þóri Oddssyni, varalögreglustjóra ríkisins, sem þar gegndi skyldustarfi sínu, með hótunum um að drepa Þóri og fjölskyldu hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Málið var dómtekið að loknum aðalflutningi 28. apríl sl. Við þingfestingu málsins krafðist ákærði þess, að dómari viki sæti. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 20. desember sl. Hinn 12. janúar sl. var ákveðið, að aflað skyldi vottorðs læknis um andlegt heilbrigðisástand ákærða. Hinn 23. mars 1995 var lagt fram vottorð Snorra Ingimarssonar geðlæknis, þar sem segir, að ákærði greinist ekki með þau einkenni geðsjúkdóms, sem mæli gegn því, að hann geti talist sakhæfur.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, segist ekki muna eftir atvikum og ber því við, að hann hafi verið í vímu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Miðvikudaginn 27. júlí sl. var ákærði færður fyrir dóm í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík vegna kröfu, er vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins lagði þar fram og þá um gæsluvarðhald fyrir þjófnað. Ákærði, sem látinn hafði verið laus eftir þriggja og hálfis árs afplánun 26. júlí sl., viðurkenndi brot sín að hluta. Var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 1. september sl. Af hálfu rannsóknarvaldsins var þá ákveðið, að ákærði skyldi fyrst um sinn látinn vera í einangrun og að heimsóknir, bréfaskipti og aðgangur að fjölmiðlum skyldu takmörkuð, þar til öðruvísi yrði ákveðið samkvæmt heimild í 108. gr. laga nr. 19/1991. Fulltrúi rannsóknarvaldsins vakti athygli ákærða á heimild 3. mgr. um heimild til að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara, og óskaði ákærði þá eftir endurskoðun dómarans á ákvörðun rannsóknarans. Ákvað dómari að fresta úrlausn til næsta dags og gefa verjanda ákærða kost á að áréttta kröfu ákærða skriflega

og rökstyðja hana. Urðu þá þeir atburðir, sem eru tilefni máls þessa. Voru þá í þingstofunni auk dómarsins þingvitnið, sem jafnframt var dómritari, vararannsóknarlögreglustjórinn, verjandi ákærða við rannsókn og tveir lög-reglumenn.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dómnum og telur sig ekki muna eftir atvikum. Fjögur vitni hafa gefið skýrslu fyrir dómnum, vararannsóknarlög-reglustjóri, tveir lögreglumenn og dómritarinn. Öllum ber þeim saman um, að ákærði hafi ofsinnis hótad að bana Þóri. Þrjú þeirra sögðu, að hótunin hefði jafnframt beinst að fjölskyldu hans. Annar lögreglumaðurinn taldi sig ekki muna eftir því, en þegar lesinn var fyrir honum framburður hans við lögreglurannsókn um það efni, kvað hann það myndu vera rétt, sem þar var haft eftir honum, að ákærði hefði einnig hótad fjölskyldunni bana. Telst þannig fullsannað, að ákærði hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Vararannsóknarlögreglustjórinn kveðst hafa álitid, að ákærði væri til alls vís, m. a. vegna langvarandi fíkniefnaneyslu, og segir hótunina hafa vakið hjá sér ótta um velferð fjölskyldu sinnar og sína eigin. Annar lögreglumaðurinn segir ákærða hafa verið mjög „aggressívan“ og ógnvekjandi. Framburður annarra vitna og gögn málsins í heild, þar á meðal sakavottorð, benda til, að ærin ástæða hafi verið til að óttast, að ákærði gerði alvöru úr hótunum sínum. Brot ákærða telst þannig rétt fært til refsíákvæða.

Samkvæmt álitargerð geðlæknis kemur til greina, að ákærði sé haldinn persónuleikatrufnunum, sem einkennist af gallaðri félagslegri hæfni eða andfélagslegum háttum, drykkjusýki og lyfjafíkn. Hann átti erfiða æsku, var tekinn frá móður sinni fimm ára gamall vegna illrar meðferðar og komið fyrir á barnaheimili, þar sem hann dvaldist til ársins 1974. er hann fluttist aftur heim til móður sinnar.

Samkvæmt sakavottorði hófst sakaferill ákærða árið 1979. Hefur hann sætt refsingum fyrir dómi þrjátíu og tvisvar, þar af fjórum sinnum fyrir þjófnað, nauðgun, nytjastuld og umferðarlagabrot, fyrir 18 ára aldur. Tvisvar hefur hann gengist undir sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot. Sex sinnum hefur hann sætt refsingu fyrir áfengislagabrot, 14 sinnum fyrir umferðarlagabrot og 15 sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir nauðgun, fjórum sinnum fyrir líkamsárás (217. og 218. gr. hgl.), tvisvar fyrir rán og einu sinni fyrir húsbrot. Hann hefur samtals verið dæmdur til að sæta frelsissviptingu, án þess að fullnustu væri frestað skilorðsbundið, í 127½ mánuð. Auk þess, sem talið hefur verið, hlaut ákærði tveggja ára fangelsi fyrir þjófnað hér fyrir dómi 9. september sl., en refsing var færð í 15 mánaða fangelsi með dómi Hæstaréttar 27. október sl. Dómur í þessu máli er hegningarauki við dóm í því máli.

Með framburði vitnanna þykir sannað, að ákærði hafi skýrt frá því, sem rétt er, að hann væri haldinn lifrabólgu. Samkvæmt framburði lögreglumannanna og vararannsóknarlögreglustjórans kvað hann sjúkdóminn bráðsmitandi og ræddi um smitunarhættu í tengslum við hótun sína við vararannsóknarlögreglustjóran. Hann hafði orð á, að hann myndi fyrst drepa börn Póris og síðan hann sjálfan. Ákærði viðhafði hótanir sínar með svo ógnandi látbragði, að annar lögreglumaðurinn sá ástæðu til að hafa hendur á honum.

Samkvæmt framburði lögreglumannanna hélt ákærði áfram að ræða um hótanir sínar í lögreglubífreid á leið í fangelsið og kvaðst ætla að hefja líkamsæfingar til að auka þrek sitt, svo að hann yrði hæfari til að framkvæma áform sitt.

Nokkrum dögum eftir atburðinn bað ákærði annan lögreglumanninn fyrir afsökunarbeiðni, og 16. ágúst sl. við skýrslutöku í rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík bað hann fyrir afsökunarbeiðni til Póris og skilaboð þess efnis, að ekkert hefði búið að baki hótunum sínum og að hann bæri engan óvildarhug til hans; hann hefði verið í „black-out“ og myndi ekkert eftir því, sem gerðist. Hvorki lögreglumennirnir né þingvitnið telja sig hafa merkt, að ákærði væri undir annarlegum áhrifum. Af framburði vitnanna verður ekki ráðið, að ákærði hafi verið í vímu, þannig, að hann myndi ekki eftir atburðum þess vegna. Hann var handtekinn 27. júlí sl. kl. 05.00–05.30 og færður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sama dag, kl. 20.45. Ekkert var bókað um hótanir ákærða, en af því verður ekki dregin sú ályktun, að þinghaldi hafi verið lokið, þegar hann hafði þær uppi, eins og verjandi ákærða hefur haldið fram. Af gögnum málsins, munnlegum og skriflegum, verður ekki annað ráðið en atvikið hafi orðið við lok þinghalds, þegar dómari ákvað að fresta ákvörðun skv. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 til næsta dags.

Þegar þess er gætt, sem að framan greinir um feril ákærða, andlega heilbrigði, hegðun hans, eftir að hann framdi brotið, og atvik að broti hans, þykir refsing hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Þá þykir bera að dæma hann til að greiða sakarkostnað, eins og þar greinir nánar.

Samkvæmt ákvæðum 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994 um breyting á þeim lögum, skal m. a. greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög, þar á meðal, hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Dómurinn er saminn samkvæmt þessum ákvæðum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fimm mánaða fangelsi. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 65.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr.
